

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Viðreisnar,

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að koma með tillögur að því hvernig megi útfæra skammtíma sleppistæði í miðborginni í nálægð við veitingastaði og verslanir, til að greiða aðgengi að heimsendingar- og leigubílaþjónustu og styðja við rekstrar möguleika veitingastaða og verslana í miðborginni. Sviðinu er falið að vinna tillögurnar í samvinnu við aðila sem reka sendla- og leigubílaþjónustu til að fá gögn um staði sem mest þörf er á sleppistæðum út frá vinsælum stoppustöðvum.

Greinargerð

Samþykkt tillögunnar felur í sér að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að kanna bestu útfærslur á sleppistæðum, þar á meðal staðsetningu, afmörkun og merkingum, og leggja tillögur að útfærslum fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

Á síðustu árum hefur heimsendingarþjónusta á vörum og mat aukist verulega, ekki síst í kjölfar heimsfaraldursins. Neytendur hafa í auknum mæli tileinkað sér þau þægindi sem felast í að fá vörur og mat sendan beint heim að dyrum, og hafa matar- og vöruinnkaup í gegnum netið orðið fastur hluti af daglegu lífi fjölmargra. Þessi þróun hefur þó skapað áskoranir í miðborginni, þar sem aðgengi bíla er takmarkað og bílastæði fá. Sendibílstjórar og aðrir sem sinna skammtímaakstri neyðast oft til að leggja ólöglega eða langt frá áfangastað, sem veldur seinkunum, truflunum í umferð og eykur hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Aðilar sem stunda heimsendingarþjónustu hafa bent á mikilvægi þess að svæði séu hönnuð þannig að hægt sé að sækja vörur og mat án þess að þurfa að leggja langt frá þeim stað sem sækja á varninginn, og án þess að greiða háar fjárhæðir fyrir aðeins 5–10 mínútna stopp. Skortur á skammtímaastæðum leiðir til þess að tími og kostnaður sendibílstjóra eykst, sem bitnar bæði á fyrirtækjum og neytendum.

Sérstök sleppistæði í nánd við veitingastaði og verslanir auðvelda fyrirkomulag sendinga og gagnast fyrirtækjum, sendibílstjórum og almenningi. Með þeim væri hægt að tryggja fljótlegt og öruggt aðgengi fyrir þá þjónustu sem einungis krefst þess að stoppað sé í skamma stund. Einnig er líklegt að bílar sem lagt er ólöglega muni fækka og að borgarumhverfið verði öruggara fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Jafnframt miðar tillagan að því að styðja rekstrarumhverfi fyrirtæki í miðborginni sem byggja viðskipti sín á heimsendingum og þannig styrkt samkeppnishæfni miðborgarinnar gagnvart verslunarmiðstöðvum og netverslunum. Slík stæði myndu ekki aðeins bæta starfsskilyrði fyrir heimsendingarþjónustu, heldur einnig gagnast leigubílum sem sinna

farþegum í miðborginni og velferðarþjónustu sem afhendir mat og lyf heim til fólks og sér um akstursþjónustu.